



# Úrklippur, ljósmyndir o.fl. frá útför Bjarna, Sigríðar og Benedikts, 10. júlí 1970, fyrri hluti

---

Bjarni Benediktsson – Sigríður Björnsdóttir – Benedikt Vilmondarson – Fjölskyldan – Úrklippur –  
Ljósmyndir


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Fjölskyldan  
Askja 3-12, Umslag: M.J.

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LN/RVK3 LONDON S.2 16/1615G PSS/TA

MORGUNBLADID REYKJAVIK 222

REYKJAVIK PTT FOR MORGUNBLADID, TRANSACCT 1270h6568 (BRU-1) BRUSSELS,  
JULY 16 (AP) Flags of NATO countries hang at half-mast at the NATO  
(North Atlantic Treaty Organisation) headquarters here today in  
connection with today's funeral of Icelandic premier Bjarni Bene-  
diktsson. The premier and his wife and their grandson died July 10.  
(AP/ WIREPHOTO).



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Handwritten text at the top of the page, including a name and a date: "7. apríl 1961".



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÞAR VORU BIRNIBENEDIKTSSONAR  
TIL BIRNI 30. JULÍ - 1970

ÞAR LÉSTU  
BIRNI BENEDIKTSSON  
FÖRSTURÁÐGAFI  
SIGNEIR SIGRÁÐOTTIR  
KONA NAMU  
BENEDIKT VILMUNDARSON  
SÖFURDÖGUR ÞEIRRA

BIIRKA JÓN  
KERTI ÞEIRRA BIRNI VILDA



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur





Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VESTURLAND


BLAÐ VESTFIRSKRA STJÓLFSTÆÐISMANNA

XLVII árg.

Ísafirði, 16. júlí 1970.

14. tölublað.

## ÞJÓÐ Í SORG



Dr. Bjarni Benediktsson



Frú Sigríður Björnsdóttir

Þau sorgartíðindi gerðust aðfaranótt síðast liðins föstudags, að dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, Sigríður Björnsdóttir, forsætisráðherrafrú og Benedikt Vilmundarson, fjögurra ára dóttursonur þeirra hjóna létust, er forsætisráðherrabústaðurinn á Þingvöllum eyddist í eldi.

Hin fámenna íslenska þjóð er harmi lostin, er slíkir atburðir gerast. Þjóðin glatar í einu veffangi traustum og gáfuðum leiðtoga, sem staðið hefur í fylkingarbrjósti í þjóðlífi okkar



Benedikt Vilmundarson

undanfarna áratugi, eiginkonu hans, og barnungum dóttursyni.

Auk fyrrgreindra starfa sinna fyrir land okkar og þjóð hefur dr. Bjarni haft á hendi forystu stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn stendur í mikilli þakkar-skuld við forsætisráðherrahjónin fyrir ómetanlegt starf í þágu flokksins um áratuga skeið.

Vestfirzkir sjálfstæðismenn senda ættingjum hinna látnu dýpstu samúðarkveðjur.

Blessuð sé minning þeirra.

# Minning

## Dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra

### Frú Sigríður Björnsdóttir

Árla morguns föstudagsins 10. júlí barst sú sorgarfregn, að frú Sigríður Björnsdóttir og Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra hefðu farizt í eldsvoða á Þingvöllum ásamt dóttursyni sínum Benedikt.

Þessi fregn kom eins og reið arslag yfir þjóðina því þó að um Bjarna Benediktsson hafi, eins og að líkum lætur, staðið styr og oftlega á honum brotið, þá naut hann virðingar og álits hjá flestum Íslendingum og jafnframt, að þegar vá leg tíðindi berast og sorgin kveður dyra þá á þessi, oft sundurlynda þjóð eitt hjarta og eina sál. Og þannig var það, þegar þessi sorgarfregn barst um landið.

Bjarni Benediktsson var fæddur í Reykjavík 30. apríl 1908 og voru foreldrar hans Benedikt Sveinsson, alþingismaður og síðar skjalavörður og Guðrún Pétursdóttir frá Engey. Bjarni varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1926 og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1930. Árin 1930—1932 var hann við framhaldsnám í stjórnlagafræði í Berlín og Kaupmanna höfn. Hann varð prófessor í lögum við Háskóla Íslands aðeins 24 ára að aldri og gegndi hann því embætti í átta ár eða til ársins 1940. Borgarstjóri í Reykjavík varð hann síðla árs 1940 og gegndi því umfangsmikla embætti til 4. febrúar 1947.

Hann átti sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur 1932—1942 og aftur 1946—1949.

Hann var alþingismaður frá 1942 til dauðadags. Allan þann tíma var hann þingmaður Reykvíkinga, að undanskuldum árunum 1946—49, en þá var hann landskjörinn þingmaður.

Bjarni Benediktsson varð fyrst ráðherra 4. febrúar 1947 og hefur verið ráðherra óslitið að undanskildu tímabili því sem vinstri-stjórnin og minnihlutastjórn Alþýðuflokksins fóru með völd frá 24. júlí 1956 til 20. nóvember 1959 eða

um 20 ára skeið. Hann var ritstjóri Morgunblaðsins 1956 til 1959.

Bjarni hefur átt sæti í fjölmörgum nefndum og stjórnunum, sem hér verður ekki tal-

Sigríður Björnsdóttir var glæsileg og gáfuð kona, sem stóð við hlið manns síns í blíðu og stríðu og rækti, með miklum myndarbrag, þær mörgu og vandasömu skyldur

stóra flokki og hann skorti það, sem Ólafur Thors átti í ríkum mæli að vera sveigjanlegur og lipur að bræða saman ólík sjónarmið í mikilvægum málum. Sömu spá-


talsmenn, sem við þurfti að glíma. En þeir urðu í minnihluta, sem betur fór.

Atvinnulífið er orðið fjölbreyttara og þjóðin er ekki efnahagslega algerlega háð duttlungum hafs og veðráttu. Enginn maður á stærri hlut í þessum ákvörðunum en Bjarni Benediktsson. Ótalin er öll hans mikla vinna við lausn á efnahagsörðugleikum, sem steðjuðu að á árunum 1966—1968 og hversu farsæl var forysta hans að komast fram úr þeim vanda. Þegar vandinn var mestur, þá var hlutur Bjarna Benediktssonar stærstur.

Á þessu tímabili var hann búinn að sanna fyrir þjóðinni, að hann var lipur leiðtogi, hreinskilinn, orðheldinn, og traustur í hverri raun. Allir máttu vita, þegar hann tók þessi miklu störf að sér, að hann var fjölhæfur gáfuður, sem lét vitsmuni ráða, en ekki augnabliks tilfinningasemi.

Sjálfstæðisflokkurinn, undir forystu hans, hefur staðið saman um farsæla lausn margháttæðra framfaramála og metið meira heill og velferð Íslands en stundarhagsmuni að afla sér kjörfylgis. Þegar saga þjóðarinnar um þessi ár verður rituð er ekki að efa, að Bjarni Benediktsson fær þann dóm, að vera talinn vitur og farsæll þjóðarleiðtogi. Hann verður talinn í fremstu röð sona Íslands árin áður en lýðveldi var stofnað og til þess dags, sem hann féll frá, óvænt og með hörnu legum hætti.

Það eru þó nokkrir menn, sem haldið hafa því fram, að Bjarni Benediktsson hafi einn viljað öllu ráða í sínum flokki og allir orðið að hlýða honum í einu og öllu. Hér er um mikinn misskilning að ræða. Bjarni gaf sér alltaf tíma til að leita álits samstarfsmanna sinna og þeirra, sem þekkingu höfðu á því máli eða málum, sem um var fjallað hverju sinni, vega það



Fjölskylda forsætisráðherra ásamt barnabörnum.

id frekar. Hann var afkastamikill í ritstörfum og liggja eftir hann fjölmargar ritgerðir og bækur, einkum um lögfræðileg efni og stjórnmal.

Bjarni var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Valgerður Tómasdóttir, sem lézt eftir stutta sambúð á árinu 1936. Síðari konu sinni, Sigríði Björnsdóttur, kvæntist hann 18. desember 1943. Þau eignuðust fjögur börn: Björn, fæddur 1944, kvæntur Rut Ingólfsdóttur, Guðrún, fædd 1946, Valgerður fædd 1950 og Anna fædd 1955.

Sigríður Björnsdóttir var fædd 1. nóvember 1919 í Reykjavík. Foreldrar hennar voru hjónin Anna Pálsdóttir og Björn Jónsson, skipstjóri í Ananaustum.

sem forsætisráðherrafrú eru lagðar á herðar. Hún bjó manni sínum og börnunum fallegt og aðlaðandi heimili þar sem bjó hlýr hugur og gestrisni var mikil.

Þar ríkti friður og kærleikur, þó öldurót væri í stjórnmalum.

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins haustið 1961 baðst Ólafur Thors undan því að gegna formannsstörfum vegna þess að hann fann að heilsan var farin að láta sig. Þá var Bjarni Benediktsson kosinn formaður flokksins, einróma, og því starfi gegndi hann til dauðadags.

Það fór ekki á milli mála, að einstaka menn spáðu því, að Bjarna mundi reynast erfitt að halda saman þessum

dómar óðu uppi, þegar Bjarni varð forsætisráðherra eftir Ólaf Thors, 14. nóvember 1963.

Síðan þetta gerðist hefur mikil vatn runnið til sjávar. Á þessum árum hafa verið teknar stórar og merkar ákvarðanir, sem varða mjög framtíð þjóðar okkar. Sérstaklega vil ég minna á stærsta mannvirknið, sem íslenska þjóðin hefur ráðizt í, Búrfellsvirkjunina og samningana um byggingu álversins í Straumsvík, sem nú fyrir nokkru er orðið að veruleika. Þá má minna á aðild Íslands að Fríverzlunarbandalagi Evrópu. Öll þessi stórmál og mörg önnur kostuðu mikla baráttu. Skammsýni og skortur á að fylgjast með gangi tímans átti sína

## Forustumadur...

Framhald af 4. síðu.

Bjarni Benediktsson lifði það að sjá æskudraum sinn, Ísland frjálst og fullvalda lýðveldi, rætast.

Hann vann þjóðinni allt það gagn, sem hann mátti innan lands og utan. Hann skipaði Íslandi í raðir vestrænna þjóða, treysti vináttuböndin við hin Norðurlöndin og sá Ísland að lokum sem fullgildan aðila í EFTA.

Hann átti manna mestan þátt í að auka virðingu Íslands á erlendum vettvangi. Fyrir stöf sín á hann sannarlega skilið alþjóðarlov.

Ég átti því láni að fagna að vera nemandi Bjarna Benediktssonar í lögfræði. Af löng

um kynnum við hann minnst ég hans nú, sem óvenju heilsteypts drengskaparmanns, sem var trölltryggur vinum sínum alla tíð. Hann er mesti persónuleiki, sem ég hef kynnt um dagana.

Bjarni Benediktsson var tvíkvæntur. Hann varð fyrir þeim harmi að missa fyrri konu sína, Valgerði Tómasdóttur, Jónssonar, ölgerðarmanns, eftir örskamma sambúð árið 1936.

Síðari konu sinni, Sigríði Björnsdóttur, skipstjóra í Ánanaustum, kvæntist hann árið 1934. Frú Sigríður var glæsileg höfðingskona, sem bjó manni sínum fagurt heimili, rómað fyrir gestrisni og hlýju. Þar var öllum gott að koma. Frú Sigríður stóð við

hlið manns síns með miklum sóma alla tíð. Bjarni var mikill og góður heimilisfaður, dádur og elskaður af börnum sínum og fjölskyldu allri.

Þau hjónin eignuðust fjögur mannvænleg og vel gefin börn. Eru þau Björn, lagamenti, fæddur 1944, Guðrún fædd 1946, Valgerður fædd 1950 og Anna fædd 1955.

Það er átakanlegra en orð fá lýst að missa báða foreldra sína á einni nóttu, þó ekki bætist við missir einkabarns. Ég votta foreldrum litla drengsins og öllum aðstandendum hans, börnum Bjarna og Sigríðar og fjölskyldum þeirra mína dýpstu samúð. Öll þjóðin drúpir höfði í dag í djúpri sorg.

Ásberg Sigurðsson.

og meta, sem við hann var sagt og hlýða hollum ráðleggingum áður en hann tók ákvarðanir.

Það er eftirtektarvert að alla forsætisráðherratið Bjarna Benediktssonar hefur hann gert sér far um að hafa sem mest og bezt samskipti við verkalýðshreyfinguna. Þessi skynsamlega stefna hefur vafalaust gert sitt til að vinnufriður hefur orðið betri en ella og oft hefur betur

Ísafjarðar í framboð árið 1937 og síðasta aldarfjórðung hefur hann hvað eftir annað ferðast um Vestfirði á fundi og héraðsmót. Síðasta héraðsmótið, sem hann sótti var að Sævangi í Strandasýslu fjórum sólarhringum fyrir andlát hans.

Frú Sigríður, kona hans, hefur ferðast mikið með honum og oft komið hingað vestur. Hún var með honum á síðasta héraðsmótinu, glæsileg,

sömu starfi. Hún fylgdist af alhug með störfum hans og tók mikinn þátt í þeim og var honum vafalaust hollur ráðgjafi. Hún var kona, sem hafði mikinn skilning á stjórn málum og þekkti lífsbaráttu þjóðar sinnar og vissi hvar skórin kreppti að.

Hún sjálf var sjómansdóttir, alin upp á barnmörgu heimili, þekkti líf og örlög þeirrar stéttar til hins ýtrasta. Hún gleymdi aldrei þöruna sínum og gat umgengist alla. Hún kom fram utan lands og innan sem forsætisráðherrafrú Íslands og fórst það alltaf jafn vel úr hendi. Hún var alltaf jafnglæsileg, alúðleg og glað vær hvort sem hún var með þjóðhöfðingjum og tignu fólki eða með alþýðufólki í sveit eða við sjó. Heimili þeirra var myndarlegt og alúðlegt og þar var gott að koma og vera. Ég kveð, að leiðarlokum, þessi ágætu hjón með hjartans þakklæti fyrir vináttu og velvild þeirra. Það er sár harmur að missa þau. Bjarni var maður, sem menn báru vaxandi virðingu fyrir eftir því sem kynnin urðu lengri og nánari. Hann var maður sem mér þótti innilega vænt um. Samskipti okkar voru þó ekki gælur einar.

Gáfur hans, hyggindi, heiðarleiki og drengskapur gerðu hann fyrst og fremst að þeim þjóðarleiðtoga, sem átti traust þjóðar sinnar. Ísland kveður í dag, hinztu kveðju, þjóðarleiðtoga sinn, konu hans og dóttursoninn unga.

Við sendum öllum ættingjum þeirra þriggja dýpstu samúðarkveðjur.

Guð blessi minningu þeirra.

Matthías Bjarnason.

# Forsætisráðherra minnzt

Á fundi hreppsnefndar Eyrarhrepps sem haldinn var 10. júlí sl. minntist Guðmundur H. Ingólfsson, oddviti Eyrarhrepps forsætisráðherrahjónanna og dóttursonar þeirra og mælti:

„Í nótt sem leið skeði sá hörmulegi atburður að forsætisráðherra Íslands dr. Bjarni Benediktsson, kona hans frú Sigríður Björnsdóttir og dóttursonur þeirra Benedikt Vilmundurson létu lífið í eldsvoða, er sumarbústaður forsætisráðherra á Þingvöllum brann.

Með sviplefum hætti hefur þjóð okkar misst einn af sín um beztu sonum, mikilvirkan stjórnsmálaleiðtoga, eitt af

mikilmönnum okkar þjóðfélags.

Skarð er fyrir skildi. Sár harmur alþjóðar.

Harmur ættingja og skilduliðs er þó dýpstur.

Orð mín fá ekki lýst þeim djúpstæða harmi, sem býr með okkur öllum, en huggun vor er sú, nú sem og alltaf, að við biðjum góðan Guð að milda söknuð og trega ástvinanna um leið og við biðjum þeim hjónum og dóttursoni þeirra blessunar Guðs á nýrri vegferð.

Ég bið alla viðstadda að taka undir orð mín og sýna hinum látnu virðingu og þökk, og ættingjum þeirra djúpa samúð með því að rísa á fætur.“

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðar í gærkvöldi minntist Björgvin Sighvatsson, forseti bæjarstjórnar, forsætisráðherrahjónanna dr. Bjarna Benediktssonar, frú Sigríðar Björnsdóttur og Benedikts Vilmundarsonar.

Vottuðu bæjarfulltrúar ættingjum hinna látnu samúð með því að rísa úr sætum.


## Aðalfundur

Sandfells hf. verður haldinn í fundarsal Vinnuveitendafélags Vestfjarða í húsi Vélsmiðjunnar Þór hf. á Ísafirði, föstudaginn 24. júlí n.k. kl. 14

Dagskrá:

- I. Venjuleg aðalfundarstörf.
- II. Önnur mál.

STJÓRNIN.



20 ára afmæli NATO. Willy Brant, Bjarni Benediktsson, Richard Nixon.

tekizt að leiða til lykta erfiðar vinnudeilur fyrir hvað þessi dugmikli leiðtogi lagði á sig að viðhafa skilningsrík samskipti við forystumenn verkalýðshreyfingarinnar og hvað hann hafði djúpan skilning á högum og aðstöðu þeirra, sem minnst máttu sín. Það eru liðin mörg ár síðan kynni okkar Bjarna Benediktssonar hófust. Hann hefur oft komið hingað vestur. Fyrst lá leið hans hingað til

svipmikil, alúðleg og elskuleg eins og hún var alltaf. Það hvarflaði ekki að mér að það yrðu síðustu samfundir við þau í þessu lífi, sem ekki var von. En það er skammt bilið á milli lífs og dauða.

Enginn má sköpum renna. Þau hjónin hafa staðið saman í blíðu og stríðu frá því þau hófu búskap. Bjarni var einstakur heimilisfaðir og Sigríður var honum ómetanlegur styrkur í erfiðu og vanda-

## Til sölu

JEPPABIFREIÐIN A 478 Tegund SCOUT árg. 1967.

Tilboð óskast. Skipti á ódýrari bíl koma til greina.

Upplýsingar gefur: Tannlæknirinn Mjallarg. 1, sími 3737. Á kvöldin sími 3773.

VESTURLAND

Vegna andláts og útfarar dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, frú Sigríðar Björnsdóttur og Benedikts Vilmundarsonar, dóttursonar forsætisráðherrahjónanna, verður Vesturland, að þessu sinni eingöngu helgað minningu þeirra. Efni það, sem ætlað var til birtingar í blaðinu verður því birt í næsta tölublaði Vesturlands.

# Áhrifamikill forustumaður

## Dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra

Mikil ótíðindi hafa gerzt á landi hér.

Í einni svipan er þjóðin svipt áhrifamiklum forustumanni um áratugaskeið, er forsætisráðherra dr. Bjarni Benediktsson, kona hans, frú Sigríður Björnsdóttir og dóttursonur þeirra, Benedikt Vilmundarson, fórust í eldi, er Konungs húsið á Þingvöllum brann aðfaranótt föstudags síðast liðinn.

Í dag eru þau lögð til hinztu hvíldar.

Við slíka feiknstafi setti gjörvalla þjóðina hljóða. Menn voru sem lamaðir og trúðu vart sínum eigin eyrum þrátt fyrir margendurtekna tilkynningar útvarpsins um þennan hryggilega og átakanlega atburð. Af vofveiflegum atburðum á landi á síðari tímum kom miðaldra mönnum í hug slysið í Tungufljóti árið 1938, er frú Guðrún Lárusdóttir, alþingiskona og tvær dætur hennar drukknuðu. Sögufróðir menn minna hins vegar á Njálshvelli, Bergþóra, kona hans og ungur dóttursonur brunnu inni fyrir nær 1000 árum.

Slíkir atburðir gleymast mönnum ekki. Saga þjóðarinnar mun varðveita harmleikinn á Þingvöllum árið 1970, svo lengi, sem íslenskt mál er talað og ritað.

Slíkan harmleik og svo dapur leg örlög þurfti þó ekki til þess, að sagan varðveitti nafn dr. Bjarna Benediktssonar. Störf hans í þágu íslensku þjóðarinnar hafa fyrir löngu tryggt honum virðulegan sess á fremsta bekk í sögu hennar.

Bjarni Benediktsson var fæddur í Reykjavík 30. apríl 1908 og var hann því rétt 62 ára er hann féll frá.

Foreldrar hans voru hin landskunnu öndvegishjón Guðrún Pétursdóttir bónda í Engey, Kristinssonar og Benedikt Sveinsson, alþingismaður og þingforseti. Var heimili þeirra lengi miðstöð þeirra manna, sem ýtrustu kröfur gerðu í sjálfstæðisbaráttunni við Dani. Á þessu merkilega menningarheimili ólst Bjarni upp í hópi margra mannvæn-

legra systkina, sem öll hafa haft brennandi áhuga á stjórnmálum. Var Bjarni yngstur þriggja bræðra, sem allir hafa orðið þjóðkunnir atorkumenn, Sveinn forstjóri Síldarverksmiðja ríkisins og Pétur, bankastjóri og alþingismaður, sem lézt á síðasta ári. Bjarni varð stúdent voríð

góðu gagni síðar í stjórnmála baráttunni. Það var mikill missir fyrir Háskóla Íslands og íslenska lögfræði, að hann hvarf frá fræðistörfum, sem þó voru honum einkar hugleikin og áhugaverð. Mun hann sjálfur lengi hafa alið þá von í brjósti, að honum gæfist kostur á að hverfa að

Bjarni Benediktsson varð borgarstjóri í Reykjavík haustið 1940 og gegndi því starfi af miklum skörungsskap þar til hann varð utanríkis- og dómismálaráðherra í stjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar 4. febrúar 1947. Upp frá því var hann ráðherra í öllum ríkisstjórnunum

sína. Hann var maður stórra ákvarðana og mótaði því oftast störf og stefnu í þeim málum, sem hann starfaði að. Það er alkunna, að Bjarni Benediktsson var driffjöður í öllum helztu stórmálum landsins hin síðari ár. Menn muna forustu hans og baráttu fyrir sambands slitum við Dani og stofnun lýðveldis á Íslandi árið 1944, mótun utanríkisstefnu Íslands eftir stríðið með inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar og þátttöku Íslands í NATO.


Þá má minna á þátt hans í útfærslu landhelginnar árið 1952 og alveg sérstaklega að farsælli lausn landhelgisdeilunnar við Breta.

Hin síðari ár lagði Bjarni Benediktsson höfuðáherzlu á að styrkja efnahagslegan grundvöll landsins með því, að auka fjölbreytni atvinnuveganna m.a. með stórvirkjun í Þjórsá við Búrfell og byggingu álverksmiðju í Straumsvík og alveg sérstaklega með auknu enfaðagsstarfi við aðrar þjóðir með inngöngu Íslands í EFTA.

Um öll þessi þýðingarmiklu stórmál stóðu miklar deilur. En það aftraði ekki Bjarna Benediktssyni frá því að berjast fyrir sannfæringu sinni og þeim málum, sem hann taldi nauðsynlegt að hrinda í framkvæmd, vegna hagsmuna Íslands.

Stjórnmálin voru í hans augum „list hins mögulega“, sem krefjast þess, að stjórnmálamaður veiti leiðsögn og hafi frumkvæði að því að leysa hvert mál á sem skynsamlegastan hátt. Ljóst dæmi þessa má nefna forustu hans á sínu tíma um stofnun bæjarútgerðar Reykjavíkur eftir stríðið, er honum fannst, að einkaframtakið ætlaði að bregðast skyldu sinni við höfuðborgina með því að halda að sér hönd um við úthlutun nýsköpunartogaranna. Þannig leysti hann ýmis vandamál, hverju sinni samkvæmt eðli sínu, hvort sem öðrum mönnum líkaði betur eða verr. M.a. fyrir þær sakir ávann hann sér traust og virðingu jafnt fylgismanna, sem andstæðinga í stjórnmálum.

Framh. á 3. síðu.



Fundur forsætisráðherra Norðurlanda í Stokkhólmi 1964.

1926 og lögfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1930. Hlaut hann hæstu einkunn á lögfræðiprófi, sem tekin hafði verið til þess tíma.

Eftir tveggja ára framhaldsnám í stjórnlagafræði var hann settur prófessor við lagadeild Háskólans árið 1932. Var hann síðan prófessor í lögfræði í átta ár eða þar til hann varð borgarstjóri í Reykjavík í október 1940.

Bjarni Benediktsson var afburðakennari og dádur af nemendum sínum. Hann gerðist strax mikilvirkur rithöfundur í fræðigreini sinni, stjórnlagafræðinni, og öðru lögfræðilegu efni, eins og t.d. hið mikla rit hans „Deildir Alþingis“ bera vott um. Var hann, án efa, mesti stjórnlagafræðingur landsins um sína daga. Kom það honum að

þeim aftur, en af því varð ekki.

Árið 1934 var Bjarni Benediktsson kosinn í borgarstjórn Reykjavíkur og átti m.a. sæti í borgarráði um langt skeið. Þar með voru hafin afskipti hans af opinberum málum og var hann æ síðan einn áhrifamesti stjórnmálamaður landsins. Hann var kosinn í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins árið 1936 og formaður flokksins var hann frá árinu 1961. Hann fór fyrst í framboð til Alþingis á Ísafirði árið 1937, en náði að vonum ekki kjöri. Er enn í minni margra hin skelegga barátta hans í þeim kosningum.

Árið 1942 var hann kosinn á þing fyrir Reykjavík og sat á þingi til dauðadags eða í 28 ár.

Íslands til dauðadags, nema í vinstri stjórninni, sem sat að völdum í rúm tvö ár, 1956 til 1958, en þann tíma var hann aðalritstjóri Morgunblaðsins.

Bjarni Benediktsson var þannig ráðherra í rúmlega 20 ár, eða lengur en nokkur annar maður á Íslandi, fyrr og síðar. En hann var ekki aðeins lengst ráðherra allra manna, heldur má hiklaust fullyrða, að hann hafi verið einn allra áhrifamesti og völdugasti stjórnmálamaður landsins allt frá stofnun lýðveldisins árið 1944.

Í krafti skarpra gáfna, viðtækra þekkingar á mönnum og málefnum, og óhemjulegrar starfsorku og dugnaðar bar hann jafnan höfuð og herðar yfir samstarfsmenn



# Dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra

## — MINNINGARORÐ —

Fár veit hvað átt hefur, fyrr en misst hefur. Þegar harmafregnin sára barst, var öllum Íslendingum ljóst, að þjóðin hefur mikils misst, og þó mun enn betur skýrast, þegar frá liður, að á vettvangi íslenskra þjóðmála er nú stórt og ófyllt skarð fyrir skildi.

Bótin eina er sú, að það er reynsla allra lýðræðisþjóða, að jafnan kemur maður manns í stað. Þess verðum vér enn að vænta.

Um meira en aldarfjórðungsskeið þekkti ég hann, sem skapmikinn og sóknharðan stjórnmálaandstæðing. Þannig kynntist ég honum fyrst og bezt, er hann, fullur af lífsþrótti á bezta aldri geystist fram fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Ísafirði í kosningunum vorrið 1937. Í það skipti varð hann þó að setta sig við hlutskipti hins sigraða.

Og enn urðu kynni mín af skapheita baráttugarpinum, Bjarna Benediktssyni, nánari á vinstri stjórnarárunum. Þá

var hann í raun aðalforingi stjórnarandstöðunnar, harður, miskunnarlaus, sífellt fundvís á snögga bletti andstæðingsins og stundum ofsafenginn, eða svo fannst okkur þá að minnsta kosti.

Ég sé enga ástæðu til að draga fjöður yfir þetta, enda er síður en svo, að ég telji það rýra manngildi hans. Hann var vissulega maður mikilla geðbrigða, skapstór, skapbráður, einkum á fyrri árum, en mildaðist og kyrrðist með árunum og aldri. Þó var ávallt stutt ofan í eldlega glöð skapsmunanna rétt eins og í Hekluhrauni þessa dagana þar austur í sveitum.

Þessu kynntust engu síður vinir hans og samherjar en við pólitískir andstæðingar hans. Án þess að viðurkenna þetta, væri rétt mynd af Bjarna Benediktssyni bæði sem stjórnálamanni og manni stórléga raskað. En hann var vissulega maður mikilla mannkosta, eða hver

mundi nú ekki viðurkenna, að Bjarni Benediktsson var óvenjulega skörpum gáfum gæddur, og þeir, sem þekktu hann að störfum, hvort heldur prófessorinn, þingmanninn, borgarstjórnann, ritstjórnann, flokksforingjann eða ráðherrann — mundu þeir ekki nú fúsir að viðurkenna, að þar sem hann fór, var á ferðinni viljasterkur, þróttmikill, starfsamur og stjórnsamur maður.

Og fullvíst er það, að um það verða pólitískir andstæðingar Bjarna Benediktssonar þó, hvað sem öðru liður, sam mála. Hann var óeigingjarn og heiðarlegur stjórnmála maður.

Og enn eitt: Hann var ekki yfirborðsins maður.

Á seinni árum urðu kynni okkar Bjarna Benediktssonar nánust á úrslitastundum hörðustu stéttaráttaka, þegar í odda skarst, og örlögum gat slept fyrir í jóðum, hvort þer og þjóðholl úrlausn myndist.

Það var á þessum úrslitastundum, sem ég kynntist nýjum hliðum mannsins, Bjarna Benediktssonar, betur en áður. Þá var aldrei rúmt um hönd að gera svo öllum líkaði. En hann var leitandi og oft fundvís á úrræði, sem öðrum duldust, og það, sem meira var, einnig fús til að hugleiða og grandskoða hugmyndir annarra og fallast á þær, fyndist honum þær geta leitt til lausnar. Þegar mest á reyndi varð hvorugt ofaná — þrjúzka eða smásmugli, er þó verða að játast, sem allt of ríkar eigindir í eðli Íslendinginsins.

Það er frá þessum úrslitastundum stórra átaka, sem ég mun jafnan minnast Bjarna Benediktssonar sem stórbrotins mannkostamanns með hjartað á réttum stað.

Umdeildasti stjórnmála maður okkar á þessari öld, — ef til vill að Jónasi Jónssyni eignum andstæðingum — er horfinn af sviði.

Nú er á hvorugt bætandi, lastið eða lofið. Svo mikið er víst, að glansmynd af Bjarna Benediktssyni bætir engan skaða.

Á þessari stundu stendur þjóðin harmi lostin yfir moldum hans, og er þess tæpast að vænta, að raunsönn mynd hafi þegar mótast í þjóðarvitund af mannum, sem við misstum fyrir örfáum dögum. En sú mynd mun smám saman skýrast í ljósi sögunnar. „Hið mikla geymir minningin, en mylsna af smælki fer.“

Með fráfalli þeirra forsætisráðherrahjónanna og sveinsins unga, sem með þeim fórst, er þungur harmur kveðinn að ástvinum þeirra öllum, og ásamt þeim er þjóðin öll sárum harmi lostin.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur misst sinn sterkasta stjórnanda og aðsópsmesta leiðtoga.

Og íslenska þjóðin hefur með Bjarna Benediktssyni misst einn sinna mætustu og bezta sona.

Hannibal Valdimarsson.

14 JUL 1970

## Link in the chain

N1007/A

A SMALL but potentially vital link in the chain of Western European defence has been weakened by the tragic death in a fire of Dr. Bjarni Benediktsson, the Prime Minister of Iceland. It was he more than anyone else who brought Iceland into NATO, not long after the end of a Second World War in which the country's strategic importance for the main Western democracies had been conclusively proved. A few months ago, he brought Iceland into EFTA. Had he lived, he would no doubt have associated his country with the EEC once Britain and the Scandinavian countries successfully completed their approaches to Brussels. Although his successors may well seek to carry on his policy, it remains to be seen whether they will have the sort of foresight and determination which enabled Dr. Benediktsson to weather internal and external storms with such success. It must be remembered that Iceland, one of the cradles of Western democracy, has long had a vocal Communist party with representation in its ancient parliament. Also, there has been plenty of friction over the years between Iceland and countries like Britain and the United States.

past years to the stationing of United States forces there under the North Atlantic Treaty. The acrimonious dispute over fishing limits some 12 years ago soured relations between London and Reykjavik for a considerable time. As Prime Minister during part of 1961 and from 1963 until his death, Dr. Benediktsson worked steadily to expand international ties and interests for Iceland, and events showed how wise he was. A world-wide drop in the price of fish products some three years ago led to drastic difficulties in Iceland, which has long relied far too heavily upon its fishing industry as an economic mainstay.

If a new form of Western European defence is to be formed, based more upon self-help than in the past, Iceland will have to play its part. Unfortunately, the number of NATO veterans who could furnish advice and experience for the task seems to be rapidly diminishing. Dr. Benediktsson was one. Mr. Halvard Lange, the former Norwegian Foreign Minister and "founding father" of NATO, who also died recently, was another. It remains to be seen whether the new generation of democrats in the smaller European democracies will show as much strength and foresight as their predecessors did in the different world of 20 years ago.

There has been considerable domestic opposition in Iceland in

# NÝTT LAND

## FRJÁLS ÞJÓÐ

MÁL SVARI VERKALÝÐSHREYFINGAR OG VINSTRI STEFNU

26. tbl.

Fimmtudagur 23. júlí 1970

2. árg.

### ÞJÓÐARSORG



Slysið mikla á Þingvöllum föstudagsnóttina 10. þ.m. hefur slegið harmi á alla þjóðina. Forsæisráðherra, dr. Bjarni Benediktsson, eiginkona hans, frú Sigríður Björnsdóttir, og dóttursonur þeirra, Benedikt Vilmondarson, brunnu inni í forsætisráðherrabústaðnum á Þingvöllum. Þess gerist ekki þörf að rekja hér þessa hörmulegu atburði, þeim hafa verið gerð mikil og ítarleg skil í öðrum fjölmiðlum.

NÝTT LAND — FRJÁLS ÞJÓÐ vill votta samúð sína allri þjóðinni við þetta sviplega fráfall stjórnmálalegs

leiðtoga síns, svo og öllum skyldmönnum og vinum hinna látnu, einkum hinni ógæfusömu dóttur, sem sér nú á bak bæði foreldrum sínum og eina barni.

— Hannibal Valdimarsson, formaður Landssamtaka frjálslyndra og vinstri manna, minntist hinna látnu með minnigargrein í Morgunblaðinu daginn, sem útförin var gerð, fimmtudaginn 16. júlí. Var hann svo vinsamlegur að gefa okkur leyfi til að birta greinina. Er hún á bl. 4. Á baksíðu er sagt frá útförinni.

G. S.



## Fagurt land

Mesti auður, sem Íslendingar eiga, er landið þerra. Það er fagurt land með tært óspillt vatn og hreint loft. Sem betur fer hefur landinu verið tiltölulega lítið spillt af manna völdum. En sú hættu er ávallt fyrir hendi, að ill umgengni geti slegið landið kaunum. Gegn því verður að sporna af fullkominni ákveðni. Sú ábyrgð hvílir á herðum okkar, að landið verði ekki mengun að bráð, en sá menningarsjúkdómur virðist nú hvað ásæknastur eins og fregnir bera með sér. Hörmulegt er að hlusta á frásagnir Thor Heyerdahls og leiðangursmanna hans af ástandi Atlantshafsins á siglingarleið milli Afríku og Suður-Ameríku. Á stórum svæðum hafsins gátu þeir félagar ekki það sig í sjónum, hvað þá annað. Þessi óhugnanlega staðreynd hlýtur að vekja okkur Íslendinga til umhugsunar um, að við megum aldrei missa sjónar á því höfuðmarkmiði okkar að koma í veg fyrir, að Ísland spillist af manna völdum. Margt hefur verið gert til þess að svo verði ekki. Meira þarf þó að gera. Í þessum efnum megum við aldrei sofna á verðinum. Ef rétt er á haldið, þurfum við ekki að óttast tæknina. Þvert á móti er hún hvítur galdur, sem hægt er að nota til góðs. Iðjuver eru ekki til óþrýði, þar sem þau eru þrött staðsett. Starfsemi þeirra spillir ekki umhverfinu, ef snyrtimennska og árvegni sitja í fyrirrúmi. Það er því engin ástæða til, að tæknin verði hér sá svartu galdur, sem hún virðist hafa orðið í mörgum öðrum menningarlöndum. Við eigum að



Frá Skálholti.

# Reykjavíkurbréf

Laugardagur 18. júlí

nota hana til þess að gera landið og umhverfi okkar bjartara, lífsskilyrðin betri, en ekki verri.

## Reykjavík til fyrirmyndar

Margir hafa lagt hönd á plóginn í því skyni að vernda þann fjársjóð, sem Ísland er. Okkur ber skylda til að skila því hreinu, fögru og göfugu, eins og við fengum það í hendur. Og um fram allt óspilltu af manna völdum. Reykjavík, eins og hún er nú, er talandi tákn þess, hvernig við eigum að umgangast landið okkar og sögustaði. Borgin er hrein. Umhverfi hennar fagurt og óspillt. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna sagði einhverju sinni, þegar hann gekk meðfram Tjörninni, að Reykjavík væri perla. Vonandi eiga sem flestir ferðamenn eftir að líta landið okkar sömu augum og Dean Rusk. En þá verðum við líka að gefa þeim tilefni til þess. Okkur er mikill vandi á höndum. Okkur er ekki sízt sá vandi á höndum að sjá svo um, að erlendir ferðamenn spilli ekki því umhverfi, sem þeir sækja heim. Við verðum að veita þeim þá þjónustu, sem nauðsyn krefur. Margt hefur breytt til batnaðar á Íslandi í þeim efnum. En meira áttak þarf til, ef þróunin á að verða sú, sem við öll óskum. Á allt of marga sögustaði skortir hreinlætistæki, sem þykja nauðsynleg í hverju nútímasamfélagi. Svipaða sögu má segja um ýmsa staði aðra, til dæmis hefur erlendir ferðamaður kvartað yfir því við bréfitara hversu aðstaða öll við Krísvík sé frumstæð og raunar ósamboðin þeirri náttúrufergur og þeim

krafti, sem einkennir staðinn. Slikur staður sem Krísvík er eftirsóknarverður af mörgum ferðamönnum, enda stutt frá Reykjavík. Hvað dvelur orminn langa, að þar skuli ekki vera nein snyrtiaðstaða. Er ekki hættu á, að umhverfi slíkra staða spillist, þegar aðstaður til snyrtingar eru ekki fyrir hendi? Og hvað um hættuna, sem alls staðar er á hverasvæðum landsins? Er nægilega við henni séð? Höfum við gert þessa eftirsóknarverðu staði svo úr garði, að við getum boðið sjálfum okkur, hvað þá öðrum, kinnroðalaust upp á að heimsækja þá?

Ávallt er fyrir hendi sá mögu leiki, að ferðamenn spilli íslensku umhverfi. En við því verður ekki séð, nema eftirlit sé haft með ferðum þeirra og þeir geti fengið þá þjónustu, sem nauðsynleg er. Þegar umræður urðu hvað mestar á sínum tíma um Mývatn, fegurð staðarins og vernd, var bent á, að umhverfi og fuglalífi stafaði meiri hættu af ferðamönnum heldur en þeirri tækniuppbyggingu, sem þar átti sér stað. Vafalaust er mikið til í þeirri ábendingu. Við eigum að hlýna svo að landinu, að það laði fram í innlendum jafnt sem erlendum ferðamönnum það bezta sem þeir eiga. Að þeir finni í samskiptum við landið það bezta í sjálfum sér. Því aðeins getur landið orðið okkur til þeirrar gleði, sem efni standa til. Og þá aðeins getum við verið sámd af því. Og stolt af að eignast hlutdeild í fegurð þess og framtíð.

## Sögufrægd

Þrátt fyrir sumt af því, sem sagt hefur verið hér að framan,

verður að viðurkenna, að merkjar og margvíslegar framkvæmdir hafa verið gerðar á ýmsum sögustöðum hér á landi. Þar ber vitanlega hæst Skálholtsstað, sem nú er húsaður með þeim hætti, að enginn Íslendingur ber lengur kinnroða fyrir hann. Einnig er ástæða til að benda á þær margvíslegu endurbætur, sem gerðar hafa verið á Þingvöllum. En þó eigum við langt í land, áður en endurreisn þessa sögufrægasta staðar á Norðurlöndum verður með þeim hætti, að v.ð getum vel við unað.

Fáir menn höfðu meiri áhuga á endurreisn Skálholts en okkar nýlátni forsætisráðherra Bjarni Benediktsson. Sjaldan var hann stoltari fyrir hönd þjóðar sinnar en þegar hann sýndi erlendum mönnum staðinn endurreist-an. Vigsla Skálholtsdómkirkju var merkur viðburður í lífi þeirra hjóna beggja. Því gleymir enginn, sem reyndi. Skuld þjóðarinnar hafði verið goldin með þeim hætti, að hlaut að vekja gleði í brjósti svo sannra Íslendinga. Engin tilviljun var að Bjarni Benediktsson var kirkjumálaráðherra, þegar Skálholtskirkja var vígd.

## Fyrir fólkið

Allir þekkja umhyggju Bjarna Benediktssonar fyrir Þingvöllum, áhuga hans á sögufrægd staðarins og náttúrufergur, yndi hans af gönguferðum þar um slóðir. Sá, sem gekk með honum á Þingvöllum, varð margs vísari. Stundum var þagað til að hlusta á skráfarið í lafinu eða klíð fuglanna, stundum talað og skrafað og þá einlægt um eitt-hvað, sem stóð í sambandi við

reisn staðarins. Oft var reynt að brjóta til mergjar óráðnar gátur í sambandi við sögu Íslands og sögu Þingvalla. Hestagötur voru gengnar, grjóthellur skoðaðar: um þessa götu komu þeir að norðan eða austan, þessa að vestan eða úr Borgarfirði. Nöfn voru nefnd. Gamall veruleiki reis upp í nýrri reynslu. Sr. Eiríkur Eiríksson þjóðgarðsvörður minnsti með fallegum hætti hér í blaðinu á tengsl Bjarna Benediktssonar við Þingvöll og umhyggju. Eitt af því síðasta, sem hann þurfti um að fjalla var bætt aðstaða og þjónusta á staðnum. Í þeim efnum lá hann aldrei á liði sínu. Þingvellir áttu ekki að vera fyrir fáa útvalda: „Fólk verður að geta notið fegurðarinnar hér,“ sagði hann eitt sinn við sr. Eirík. Og einhvern tíma gagnrýndi hann við höfund Reykjavíkurbréfs leiða Jónasar yfir því að lyngið á Lögbergi sem blánar af berjum hvert ár, yrði „börnum og hröfnum að leik.“ „Hvers vegna,“ sagði hann „skyldu börnin ekki mega tína berin á Þingvöllum. Þeim er það ekki of gott.“ Þingvellir áttu ekki aðeins að vera til vegna fortíðar, heldur þeirrar framtíðar sem börnin ein eru fulltrúar fyrir. En Jónas virti hann ekki minna en önnur þjóðskáld.

## Helgilundur á Þingvöllum

Bjarni Benediktsson hafði meiri áhuga en aðrir á því — og sýndi það raunar í þingræðum og á annan hátt — að Þingvellir yrðu betur byggðir en nú er. Hugmynd hans og hugsjón var sú, að á Þingvöllum risi þjóðarhús, sem yrði verðugur minnisvarði og merkt tákn um helgi staðarins, sögufrægd og baráttu þjóðarinnar frá kúgun til sjálfstæðis. Þessi tillaga hans hlaut ekki þann hljómgrunn, sem efni stóðu til. Hann átti erfitt með að skilja það. „Þjóðarhús verður kannski

ekki reist á Þingvöllum á okkar tíma,“ sagði hann eitt sinn við bréfitara, „en það kemur fyrr eða síðar.“ Þegar hugmyndinni um þjóðarhúsið á Þingvöllum var svo fálega tekið sem raun bar vitni, lagði hann áherzlu á að reynt yrði með öllum tiltækum ráðum að bæta aðstöðuna innan þjóðgarðsins. Hann vonaði ist til, að menn mundu nú taka höndum saman og byggja nýtt hús samboðið staðnum, þar sem á samilegan hátt væri unnt að taka á móti gestum og gangandi. Vonandi verður það innan tíðar. Valhöll getur ekki verið á þeim stað, þar sem hún nú stendur. Þann stað allan þarf að friða og allt nágrennið hið næsta Lögbergi og völlum. Nú hefur íslenska ríkið eignast Vatnaskot. Þaðan er eitthvert fegursta útsýni að Skjaldbreið og yfir allan staðinn. Þar eru lagnar vikur, fagurt umhverfi og möguleikar á góðum bílastæðum. Raun-sær hugsjónamenn ættu að taka höndum saman og flyta fyrir friðun og endurreisn Þingvalla með því að beina bílaferðum að Vellankötlum og Vatnaskotlandi, frá helgustu véum staðarins. Það væri í anda þess manns, sem nú er orðinn þáttur Þingvalla og þjóðarsögunnar.

En eitt þurfum við að gera öðru fremur og það sem fyrst: að sjá svo um, að sárin foldar grói og tyrft verði yfir, þar sem nú standa rústirnar eftir konungs húsið; að þar verði gerður fallegur minningarlundur, sem yrði, þegar fram líða stundir, helgur og kyrrlátur staður í hjarta Þingvalla. Ásgeir Ásgeirsson, fyrrum forseti Íslands, gerir að tillögu sinni í kveðjuorðum sínum hér í Morgunblaðinu s.l. fimmtudag að á slysstaðnum verði reistur bautasteinnur um „ein stæð örlög.“ Morgunblaðið tekur undir hugmynd hins aldna og virta fyrrum forseta. Þá eignast íslenska þjóðin nýjan stað, þar sem hún getur í hljóðláttri þögn sameinast á miklum stundum þeirrar sögu sem bíður hennar.

# ÞJÓÐVILJINN

Föstudagur 17. júlí 1970 — 35. árgangur — 158. tölublað.


## Setudómarinn vikur ekki úr sæti sínu

Setudómarinn í lögmannsmáli því á Húsavík sem Félag landeigenda á Laxársvæðinu hefur hafið gegn Laxárvirkjunarstjórn vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda við Laxá kvað í gærmorgun upp þann úrskurð að hann þyrfti ekki að vikja úr dómarsæti vegna skyldleika við ráðgefandi verkfræðing Laxárvirkjunar.

Lögmaður landeigenda hafði uppi þessa kröfu við þinghald í málinu í fyrradag og byggði kröfugerð sína á því að setudómarinn, Magnús Thoroddsen borgardómari í Reykjavík, væri skyldur Sigurði Thoroddsen verkfræðingi, sem verið hefur helzt ráðgjafi Laxárvirkjunarstjórnar í sambandi við virkjunaráætlanir. Voru og fyrirhuguð virkjunar-

mannvirki hönnuð á verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsen sf. Sem fyrr segir féllst dómari ekki á kröfur landeigenda.

Þess má geta að þegar lögmannsmálið kom fyrst upp vék Jóhann Skaptason sýslumaður úr dómarsæti skv. eigin úrskurði og var Magnús Thoroddsen skipaður setudómari í hans stað.



Ráðherrar, borgarstjórnin í Reykjavík og forseti sameinaðs Alþingis báru kistu forsætisráðherra úr kirkju, en vinir og vandamenn báru kistur Benedikts Vilmundarsonar og frú Sigurðar Björnsdóttur



Börn forsætisráðherrahjónanna og nánustu gættlingar þeirra og Benedikts litla fyrir framan Dómkirkjuna að athöfninni lokinni.

## Mikill fjöldi vottaði forsætisráðherrahjónunum hinztu virðingu


□ Útför forsætisráðherrahjónanna og dóttursonar þeirra fór fram frá Dómkirkjunni í gær að viðstöddu miklu fjölmenni. Biskup Íslands, herra Sigurbjörn Einarsson flutti kveðjuorð, en séra Jón Auðuns dómprófastur jarðsöng. Karlakórinn Fóstbræður söng, Ragnar Björnsson lék á orgel og Pétur Þorvaldsson á selló. Jarðsett var í Fossvogskirkjugarði. Útförin var gerð af ísl. ríkinu.

Hvarvetna í borginni blöktu fánar í hálfra stöng. Opínberum skrifstofum hafði verið lokað svo og fjölmörgum verzlunum og fyrirtækjum. Fólk tók að safnast saman við Dómkirkjuna kl. 1 eða klukkustund áður en athöfnin hófst og öll bílaumferð við Austurvelli hafði verið stöðvuð.

Ættingjar og venlamenn hinna látnu, ríkisstjórn, alþingismenn, fjölmargir fulltrúar erlendra ríkja og forsetahjónin gengu inn kórmegin, en aðaldyrum Dómkirkjunnar var ekki lokað upp fyrr en kl. 1.40 og aðeins lítil hluti þeirra, sem utan kirkjunnar biðu, komst upp á kirkjuloftið. Þá safnaðist margt manna saman inni í Alþingishúsinu en þar hafði verið komið fyrir gjallarhornum og sætum, og voru gjallarhorn við Alþingishúsið að Austurvelli, þar sem hundruð manna stóðu, þrátt fyrir rok og rigningu.

Stundarfjórðungi áður en athöfnin hófst hóf Lúðrasveit Rvíkur leik á Austurvelli og lék sorgarlög, þar til kirkjuklukkurnar tóku að óma og athöfnin hófst. Var athöfnin afar látlaus og virðuleg. Hún hófst með orgelleik, þvínaest söng Karla-kórinn Fóstbræður „Herra minn guð til þín“ og biskupinn, herra Sigurbjörn Einarsson flutti fögur kveðjuorð. Þá léku Ragnar Björnsson og Pétur Þorvaldsson vögguljóð á orgel og selló, og séra Jón Auðuns dómprófastur flutti stutt minningarorð, en að

þeim loknum var sungin sálmurinn „Hvað bindur vorn hug við heimsins glaum“ eftir Einar Benediktsson, og Ragnar Björnsson og Pétur Þorvaldsson fluttu barnagælu á orgel og selló. Greiftrunaráthöfnin fór fram í kirkjunni. Lokaorð séra Jóns Auðuns voru síðustu hendingarnar úr Sólarljóðum. Var þvínaest sungin sálmurinn Framhald á 7. síðu.



Mikill mannfjöldi stóð á Austurvelli og við Kirkjutorg, meðan á athöfninni stóð. Lögreglumenn stóðu heiðursvörð við kirkjuna, þegar kisturnar þrjár voru bornar út.

# Útförin

Framhald af 1. síðu.

Allt eins og blómstrið eina, og loks var leikinn útgöngumarz á orgel. Kirkjan var fagurlega skreytt blómsveigum. Rebekku-systur og ungir Sjálfstæðismenn stóðu heiðursvörð í kirkjunni.

Ráðherrar, forseti Sameinaðs Alþingis og borgarstjórnin í Rvík báru kistu forsætisráðherra úr kirkju, en vinir og venzlamenn báru kistur þeirra frú Sigríðar Björnsdóttur og Benedikts Vilmundarsonar. Lúðrasveit Rvíkur lék loks þjóðsönginn á Austurvelli. Lögreglumenn stóðu heiðursvörð framan við kirkjuna, þegar kisturnar voru bornar út.

Athöfninni var útvarpað, og mikill mannfjöldi var á Austurvelli við Alþingishúsið og á Kirkjutorgi meðan á henni stóð. Blær sorgar og virðuleika ríkti í borginni, þegar forsætisráðherrahjónin og dóttursonur þeirra voru kvödd í hinnta sinn.

Líkfylgdin fór suður Templarasund, austur Vonarstræti, suður Fríkirkjuveg, Sóleyjargötu, Hringbraut og Reykjanesbraut. Ungir menn úr Sjálfstæðisflokknum stóðu heiðursvörð með sorgarfána beggja megin Fríkirkjuvegur frá Menntaskólanum við Tjörnina.


Ættingjar báru kisturnar síðasta spölin að grötunum í Fösvogskirkjugarði.

# Útförin á fimmtudag

MORGUNBLAÐINU barst í gær eftirfarandi tilkynning frá ríkisstjórn Íslands.

„Útför forsætisráðherrahjónanna, frú Sigríðar Björnsdóttur og Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, og dóttursonar þeirra, Benedikts Vilmundarsonar, fer fram frá Dómkirkjunni, fimmtudaginn 16. júlí kl. 2.00.

Forsætisráðuneytið, 11. júlí 1970.“



Mannfjöldinn horfir á, er kisturnar þrjár eru bornar í líkbílana þrjá, sem fluttu þær í Fossvogskirkjugarðinn. Yzt til hægri má sjá ráðherrana, borgarstjórnann og forseta Sameinaðs Alþingis, en þeir báru kistu forsætisráðherra úr kirkju. (Tímamynd-Kéni)

## Útför forsætisráðherrahjónanna og dóttursonar þeirra var látlaus og virðuleg

KJ, OÖ — Reykjavík, fimmtud.

Útför forsætisráðherrahjónanna dr. Bjarna Benediktssonar og Sigríðar Björnsdóttur og dóttursonar þeirra Benedikts Vilmundarsonar fór fram frá Dómkirkjunni í dag, að viðstöddu miklu fjölmenni. Var athöfnin öll látlaus mjög en virðuleg.

Um klukkan eitt fór fólk að safnast saman við aðaldyr Dómkirkjunnar og umhverfis hana, en kirkjan var opnuð fyrir almenning skömmu fyrir klukkan tvö, en fóru af hinum mikla mannfjölda, en barna var, komust inn. Ættingjar og vinir hinna látnu, erlendir sendimenn, alþingismenn og sérstakir fulltrúar erlendra ríkja gengu í kirkjuna um kórdrýnar. Í anddyri Alþingishússins hafði verið komið fyrir stólum, og var anddyrið þéttsetið og einnig var fólk víðar í húsakynnum Alþingis, og fylgdist með athöfninni í gegnum útvarp þar.

Gjallarhornum hafði verið komið fyrir á Alþingishúsinu og hlustaði mikill fjöldi fólks á athöfnina fyrir utan Alþingishúsið. Dómkirkjuna, á Austurvelli og nærliggjandi götum.

Í Dómkirkjunni sátu Reykjavík urprestar í kór, til hliðar fyrir framan bekkina sátu forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn og forsetafrúin. Kisturnar þrjár stóðu neðan við altarið, og umhverfis þær var mikill fjöldi blómsveiga, og einnig voru blómsveigar víðar í kirkjunni.

Við kistu frá Sigríðar stóðu fjórar konur úr Oddfellowreglunni heiðursvörð og við hlið kistu dr.


Bjarna stóðu fjórir ungir framámennt í Sjálfstæðisflokknum heiðursvörð.

Athöfnin í kirkjunni hófst með orgelleik dómorganistans Ragnars Björnssonar, en síðan söng Karla kórinn Föstbræður sálm. Þá flutti

biskupinn yfir Íslandi herra Sigurbjörn Einarsson kveðjuorð, en að þeim loknum var samleikur á orgel og selló. Lék Pétur Þorvaldsson á selló. Þá flutti dómprófasturinn, séra Jón Auðuns, minningarræðuna, og hann kastaði

einnig rekunum inni í kirkjunni. Að lokinni minningarræðunni, söng karlakórinn, og leikið var á dómorgelið og selló.

Ráðherrarnir, borgarstjórnir í Reykjavík og forseti Sameinaðs Framhald á bls. 3



Fjöldi ungmenna stóð heiðursvörð sitt hvoru megin Fríkirkjuvegjar þegar líkfyldin fór þar um. Náði heiðursvörðurinn allt frá Miðbæjarskólanum að Skothúsvegi.

## Útförin


Framhald af bls. 1

þings, báru kistu forsætisráðherra dr. Bjarna Benediktssonar úr kirkju, kistu Benedikts litla báru fjórir vinir og skyldmenn fjölskyldunnar, og vinir og ættingjar báru kistu frá Sigríðar Björnsdóttur.

Er kisturnar höfðu verið bornar í bílana, hélt líkfyldin suður Templarasund, Vonarstræti og suður Lækjargötu og Fríkirkjuveg. Við Fríkirkjuveginn stóð fjöldi ungmenna sitt hvoru megin götunnar með íslenska fána. Náði heiðursvörðurinn allt frá Miðbæjarskólanum suður undir Skothúsveg. Lögreglumenn á vélhjólum fóru fyrir líkfyldinni. Á eftir líkbfreiðunum þremur komu bílar, sem í voru nánustu ættingjar hinna látnu, ráðherrar og vinir.

Á gangstéttum þeirra gatna sem líkfyldin fór um var fjöldi manns.

Bjarni Benediktsson, frá Sigríður Björnsdóttir og Benedikt Vilmandarson, voru jarðsett í Fossvogskirkjugarði. Viðstaddir greftrunina voru aðeins ættingjar og vinir hinna látnu.



Biskupinn, herra Sigurbjörn Einarsson, flytur ávarp í Dómkirkjunni, sem öll var skrádd blómum. Heiðursvörður stendur við kisturnar og prestar sífja í kór.

(Ljóm.: Ól. K. Mag.)

Kveðjuorð biskups Íslands hr. Sigurbjörns Einarssonar, við útför forsætisráðherrahjónanna og dóttursonar þeirra

# „Þú átt að lifa litla þjóð þótt foringjar falli“

Hörnung bættu hvenær sem lífið linnir. Drottinn, gættu að dauðastundu minni.

„Hví er einn dagur öðrum ólíkur, þar eð sólin er ljósgjafi daganna árið allt?“

Svo er spurt í helgri bók.

Og hví eru mennirnir svo ólíkir? er síðan spurt. Þeir eru þó allir úr sama efni og einn hefur skapað þá alla. Sum ir stýrðu heilum þjóðum með hyggindum og voru skarp-skyggir leiðtogar lýðsins. Eftir lifir nafn nokkurra, en aðrir létu eftir sig enga minning. (Sir 33 og 34).

Þannig segir þar.

Ólíkir eru dagarnir. Öllum skín sama sól og sama húmsins fang vefst um allar vístir manna. En svo eru dagleiðir misjafnar sem menn eru margir. Og ein nótt er ei til enda trygg. Svo getur morgunn heils að, að heilli þjóð verði dimmt fyrir augum. Það gerðist í síðustu viku. Sá dagur var ólíkur öllum, sem þjóð vor hefur átt saman óskipt og einhuga. Og eins er um bennan dag. Hér eru 3 kistur vígðar til grafar senn. Fágætt í sjálfu sér, en ekki einstætt. Mörg hafa slysin orðið fyrir og síðar, sjaldan fleiri og margháttaðri en á þessu ári. Og söm eru sárin nákomnum, hverjir svo sem í hlut eiga.

En hér laust því höggi á, að eigi varð brestur í einu húsi eða fáum, heldur um allt Ísland. Og ljútil þjóð, dreifð, stendur í dag samhuga við eina gröf.

Saga hefur aukið einum tregasárum streng í hörpu sína. Hún átti aðra fyrir. Ómarnir þaðan bárust ekki eins hratt yfir áður. En þeir hljóðn uðu ekki í bráð. Eftir lifir nafn nokkurra. Aldregi græt ég annan meir, var hugsað og sagt löngu síðar stundum. Það varð ekki kunnugt um allt land í einni svipan, þegar Eggert hvarf í Breiðafjörð og þau hjónin bæði, eða þegar Baldvin brenndist til ólífis, svo þessi dæmi séu nefnd. Nú vissu all-

ir að kalla samtímis, hvað orð ið hafði á þingvelli þá dimmu júlínótt. Runnu ekki mörgum í hug hendingarnar, sem hrutu af vörum karlmennis, þegar slysið spurðist, sem grandaði Baldvini unga: Íslands óhamingju verður allt að vopni, eld ur úr iðrum þess, ár úr fjöllum.

En hér eru ekki þeir kvaddir, sem slíkt vildu mæla að skilnaði. Þau treystu hamingju Íslands. Lítil þjóð heldur áfram að lifa, mæta ólíkum dögum og margri nótt við misjafnt lán á ýmsa hund, en barnalán mikið, þegar alls er gætt. Hún hefur hafi ríka hamingju af börnum sínum.

Framhald á bls. 14.

# Kveðjuorð biskups

Framhald af bls. 3.

sonum og dætrum, þótt skamm líf væru fleiri en skyldi. Jafn vel hið unga barn, sem aðeins fær að lifa 4 ár, getur gefið minnilega bendingu um fyrirheitin, sem fólgin eru í stofni þjóðmeiðsins. Þú átt að lifa, litla þjóð. Það skal þögnin segja, sem nú hvílir yfir landi. Þú, litla þjóð, dreifið og sundruð um smátt og stórt í skamm sýnum sviptingum, sameinuð í miklum minningum, ljúfum og sárum, eitt í vonum og lífsvilja, einhuga við gröf þinna mestu manna, þú átt að lifa, þótt foringjar falli, sem stýrðu með hyggindum og voru skarp-skyggnir leiðtogar lýðsins, falli í ótíma og skilji eftir vandfyllt skörð. Þú átt að lifa öll þín áföll, þín hamingja skal sigra harma þína, græða sárin þín. Þessu heita börnin þín við legstaði leiðtoga sinna, þessa biðja börnin þín, lífs og liðin, það gefi Guð vors lands. Og Drottinn segir í orði sínu: Ég þekki þær fyrirætlanir, sem ég hef í hyggju með yður, fyrirætlanir til heilla og ekki til óhamingju, að veita yður vonarríka framtíð. Þá munuð þér ákalla mig og fara og biðja til mín og ég mun bænheyra yður. Og þér munuð leita mín og finna mig. Þegar þér leitið mín af öllu hjarta, vil ég láta yður finna mig, segir Drottinn (Jer. 29).

Svo skulu þau kvödd, sem hvílast hér. Ég flyt þeim þökk kirkjunnar minnar, Sigríði og Bjarna, einnig persónulegar þakkir fyrir samstarf, þegar hann var kirkjumálaráðherra. Hann maí kirkjuna, hennar köllun og viðleitni, til þess hafði hann skarpskyggni leiðtogans. Ég flyt kveðju frá kirkju Hóla, kirkju Skálholts, kirkju þess lögbergs, þar sem þjócin játað ist undir konungdóm Krists, hans, sem er upprisan og lífið. Honum fe! ég ykkar, vinir, ykkur og allt sem orðið er, og allt, sem verða mun.

Kom, Jesú Kristi trú,  
kom, kom og í oss bú,  
kom, sterki kærleikskraftur  
þú kveikir dáíð aftur  
Ein trú, eitt ljós, einn andi  
í einu fósturlandi.

Miskunn og friður Drottins  
sé með yður öllum. Amen.

# Íslendingur - Ísafold

37. tölublað.

Miðvikudagur 15. júlí 1970.

55. og 95. árgangur.

## Leiðtogi látinn

Með fámennri þjóð er missir afburðamanns sárastur, skarðið auðsæjast. „Nú reikar harmur í húsum og hryggð á þjóðbrautum.“ Regnvotir, drúpanði fánarnir sem lömdust um stengurnar í óveðri föstudagsmorgunsins, tjáðu á tálkn rænan hátt sorg fólks og söknuð. Og þó eru menn nokkra stund að átta sig á því, sem gerzt hefur, þegar mönnum er sviplega og fyr irvaralaust í burtu svipt með svo hörmulegum hætti.

Bjarni Benediktsson var óumdeilanlegur leiðtogi, eins og hann átti ætt og uppeldi til. Æskuheimili hans var eitt helzta vígi íslenskrar menningar, fornrar og nýrrar, íslenskrar þjóðrækt og íslenskrar sjálfstæðisbaráttu. Lærdómurinn og stjórn málin áttu því snemma hug hans.

Framferill hans var óvenjulegur. Stúdent 18 ára, lögfræðingur 22 ára, prófessor 24 ára, bæjarfulltrúi 25 ára, borgarstjóri 32 ára og ráðherra 39 ára. Hann ávann sér æ því meira traust sem honum var sýndur meiri trúnaður, unz honum voru falin hin æðstu völd, sem hann fór með til hinztu stundar og þannig, að virðingu og aðdáun vakti bæði innan lands og utan.


Hann var gæddur flestu því, sem foringja einkennir: gáfum, kunnáttu, ráðræði, orðsnilld, skaphita, áráði, og honum var léd það drengs aðal, að vera vaskur maður og batnandi. Hann var auðkenndur frá fjöldanum á allan hátt, að útliti, í málrómi, í ræðu og í riti. Hann átti þá víðsýni og þann þroska, að hann gat á úrslitastundum hafið sig yfir dægurbaráttuna og laðað saman stríðandi fylkingar, þegar á reið, að allir legðust á eitt.

Hæstaréttardómur sögunnar um stjórnámámanninn Bjarna Benediktsson er enn ekki fallinn, en þó er þegar ljóst, að honum má óhikað skipa á bekk með fremstu íslenskum stjórnámámonnum allra tíma. Hæst ber hann í sambandi við stofnun lýðveldisins 1944. Enginn einn maður átti að undirbúningi hennar vænni né giftudrýgri hlut, þar sem hann bæði lagði til hin fræðilegu rök og hina pólitísku hvatningu og leiðsögn. Næst er að nefna mótun íslenskrar utanríkisstefnu síðustu áratuga, lausn landhelgisdeilunnar við Breta og úrræði í efnahagsvanda allra síðustu ára. Hann hélt sinni stefnu og hafði sigur, og mun þó sjaldan hafa svalar leikið um íslenskan stjórnámámann en Bjarna Benediktsson, er hann kom öllum þessum málum fram til farsællar lausnar.

Á Þingvöllum flutti Bjarni Benediktsson frægustu ræðu sína, er hann skipaði til sóknar í sjálfstæðisbaráttunni. Náttúruvegurð og söguleg helgi Þingvalla sciddi hann jafnan til þess staðar, er hann mátti því við koma. Og á þessum helgistað Íslendinga þoldi hann að lokum órlög sín, er hann hugðist hvíla sig þar skamma stund af dagsins önn.



Sigríður Björnsdóttir



Bjarni Benediktsson

## Forsætisráðherra og kona hans farast í eldsvoða ásamt ungum dóttursyni sínum

Á föstudagsmorguninn spurðust þau hörmulegu tíðindi um allt land, að þá snemma um nóttina hefði forsætisráðherrabústaðurinn á Þingvöllum brunnid og í eldinum látið lifid dr. Bjarni Benediktsson, kona hans, frú Sigríður Björnsdóttir, og fjögurra ára dóttursonur þeirra, Benedikt Vilmundarson.

Fólk vildi ekki trúna sínum eigin eyrum, það hafði allt verið svo gott í gær. En smám saman tindust fánarnir upp á stengurnar miðjar sem staðfesting hins ómurliga veruleika. Þjóðin syrgði leiðtoga sinn, og allir skynjuðu, hver aftaka og missir var í fráfalli hans og þeirra hjóna beggja. Ekki aðeins hendlendis hafa menn minnt Bjarna Benediktssonar með sorg og söknuði, heldur hafa formenn annarra þjóða margir hverjir tjáð harm sinn og eftirsjá við fráfall hans og lýst þeirri virðingu, er þeir báru fyrir honum að fengnum kynnum.

Frú Sigríður Björnsdóttir var hispurslaus fyrirkona, hlý og styrk, hrein og bein og hafði virðingu allra, er hana þekktu. Enginn veit, hvílikur hinn ungi sveinn hefði orðið, ef upp hefði vaxið, en allt horfir til eins um

það, að þar hafi mikið manns-efni farizt.

Á öðrum stað hér á síðunni er leiðtogans minnt, og í næsta blaði birtast minningargreinar um hin látnu. Útför þeirra verður gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík næstkomandi fimmtu dag.

Útgáfufélagið Vörður og allir aðstandendur blaðs þessa flytja börnum þeirra Sigríðar og

Bjarna og öllum vandamönnum þeirra og vinum innilegar samfráfalls þeirra.

## Ávarp

forseta Íslands, dr. Kristjáns Eldjárns, í hádegisútlarpinu á föstudaginn

Þau sorgartíðindi spurðust og ungun sveini, sem var yndi snemma morguns í dag, að forsætisráðherra, dr. Bjarni Benediktsson, kona hans, frú Sigríður Björnsdóttir, og ungi dóttursonur þeirra, Benedikt Vilmundarson, hefðu látið lifid, er forsætisráðherrabústaðurinn á Þingvöllum brann, þegar skammt var líðið nætur.

Slíkur atburður er hörmulegr en svo, að orðum verði yfir komid. Í einu vetfangi er í burtu svipt traustum forustumanni, sem um langan aldur hefur staðið í fylkingarbrjósti og verið í fyrirsvari í þjóðlífi voru, og með honum ágættri konu hans, er við hlid hans hefur staðið með sæmd og þrýði, og ungun sveini, sem var yndi þeirra og eftirlæti. Hér er skarð fyrir skildi, en á þessari stundu kemst ekki annað að í huga vorum en sorg og samúð. Það er stundum sagt, að íslensku þjóðinni sé helzt að líkja við stóra fjölskyldu. Sannleik þeirra orða skynjum við best á stundum mikilla tíðinda, til gleði eða sorgar. Þjóðin er harmi lostin og syrgir forsætisráðherrahjón sín. Eg mæli fyrir munni allra landsmanna, þegar ég læt í ljós djúpa hryggð mína og votta börnum og allri fjölskyldu þeirra hjónanna samúð, svo og öllum þeim öðrum, er nú hefur staðið með sæmd og þrýði, syrgja sveininn unga.



Benedikt Vilmundarson



# ÚTFÖRIN Í DAG

□ Eins og skýrt hefur verið frá verður útför forsætisráðherra hjónanna, frú Sigríðar Björnsdóttur og dr. Bjarna Benediktssonar og dóttursonar þeirra, Benedikt Vilmundarsonar gerð frá dómkirkjunni fimmtudaginn 16. júlí kl. 2 síðdegis.

Athöfnin verður sem hér segir:

Orgelleikur.

Sálmur.

Kveðjuorð — Biskup Íslands,

herra Sigurbjörn Einarsson.

Samleikur á orgel og celló.

Minningarorð — Dómprófastur, séra Jón Auðuns.

Sálmur.

Samleikur.

Sálmur.

Orgelleikur.

Dómorganisti, Ragnar Björns-son, annast orgelleik. Pétur Þorvaldsson leikur á celló. Karla-kórin Fóstbræður syngur. —

Lúðrasveit Reykjavíkur leikur

sorgarlög á Austurvelli stundar-fjórðung áður en kirkjuathöfnin hefst og þjóðsönginn, er kisturnar hafa verið bornar úr kirkju.

Ráðherrar, forseti sameinaðs Alþingis og borgarstjórinn í Reykjavík bera kistu forsætisráðherra úr kirkju, en vinir og vandamenn kistu frú Sigríðar Björnsdóttur og Benedikt Vilmundarsonar.

Fjöldi erlendra sendimanna

verður viðstaddur útförina.

Í Dómkirkjunni verða frátekin sætin niðri fyrir nánustu ættingja og venzlamenn hinna látnu, ríkisstjórn og Alþingismenn, svo og sérstaka fulltrúa erlendra ríkja.

Forseti Íslands og forsetafrú verða við athöfnina.

Kirkjubekkir uppi verða opnir almenningi kl. 13.40.

Athöfninni verður útvarpað. Gjallarhornum verður komið fyrir

við Alþingishúsið að Austurvelli og í anddyri Alþingishússins, en þar verður komið fyrir sætum fyrir almenning eftir því sem rými leyfir.

Vegna útfararinnar verða skrifstofur Stjórnarráðsins lokaðar frá hádegi, svo og aðrar opinberar stofnanir, þar sem því verður við komið. —

Forsætisráðuneytið,

15. júlí 1970.

# ÞJÓÐVILJINN

Fimmtudagur 16. júlí 1970 — 35. árgangur — 157. tölublað.

## Einföld og virðuleg útför

Í dag fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík útför dr. Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra, eiginkonu hans, frú Sigríðar Björnsdóttur og Benedikts Vilmundarsonar, dóttursonar þeirra. Athöfnin verður láttlaus og virðuleg. Útvarpað verður frá henni og gjallarhornum verður komið fyrir við Al-


þingishúsið að Austurvelli og í anddyri Alþingishússins, en þar verður komið fyrir sætum fyrir almenning.

Útförin hefst kl. 2 síðdegis. Stundarfjórðungi áður leikur Lúðrasveit Reykjavíkur sorgarlög á Austurvelli, en athöfnin hefst með orgelleik, þá verður sunginn sálmur, en biskup Íslands, herra Sigurbjörn Einarsson flytur þvínæst kveðjuorð. Þá leika Ragnar Björnsson og Pétur Þorvaldsson á orgel og selló, og dómprófastur, séra Jón Auðuns flytur minningarorð. Loks er sálmásöngur, samleikur og orgelleikur.

Lúðrasveit Reykjavíkur leikur þjóðsönginn, er kisturnar hafa verið bornar úr kirkju. Ráðherrar, forseti sameinaðs Alþingis og borgarstjórnin í Reykjavík bera kistu forsætisráðherra úr kirkju, en virg og vandað enn kistu frú Sigríðar Björnsdóttur og Benedikts Vilmundarsonar.

Forseti Íslands og forsetafrú verða viðstödd athöfnina, svo og fjöldi erlendra sendimanna. Kirkjubekkir uppi verða opnir almenningi kl. 13.40. Minningargreinar um hin látnu eru á 5. síðu Þjóðviljans í dag.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar og Þjóðviljinn, Eilífðarsafn Reykjavíkur



Dr. Bjarni Benediktsson



Benedikt Vilmondarson



Frú Sigríður Björnsdóttir

## Forsætisráðherrahjónin

# dr. Bjarni Benediktsson og frú Sigríður Björnsdóttir

## Kveðjuorð frá formanni Framsóknarflokksins

Þegar sorgartíðindin um hið sviplega fráfall forsætisráðherrahjónanna spurðust s. l. föstudagsmorgun, áttu orð Jónasar skálds Hallgrímssonar áreiðanlega við:

Nú reikar harmur í húsum  
og hryggð á þjóðbráutum.

Svo djúp voru áhrif þeirrar harmafregnar. Og í dag eru forsætisráðherrahjónin, Bjarni Benediktsson og Sigríður Björnsdóttir, og dóttursonurinn ungi, kvædd af þjóðinni allri. Á þeirri kveðjustund er margt að minnast, en í fáeinum kveðjuorðum verður fát eitt sagt.

Með dr. Bjarna Benediktssyni er hniginn í valinn einn svipmesti stjórnmalamaður þjóðarinnar. Hann hefur í störfum sínum komið víða við og markað hér dýpri spor en flestir aðrir samtímamenn hans. Síðasta áratuginn hefur hann óefað verið valdamesti og áhrifaríkasti stjórnmalamaður landsins. Þegar slíkir menn hverfa af sjónarsviðinu, verður skarð fyrir skildi.

Bjarni Benediktsson átti að baki óvenjulega glæsilegan starfsferil. Hann varð ungur að árum kennari í lögfræði, borgarstjóri í Reykjavík liðlega þrítugur að aldri, var ráðherra um tuttugu ára skeið, og þar af síðustu sjö árin forsætisráðherra. Alþingismaður var hann frá því 1942. Formaður Sjálfstæðisflokksins var hann frá 1961, en hafði þá áður um árabíl verið varaformaður. Auk þess gegndi hann fjölmörgum trúnaðarstörfum öðrum, sem hér verða eigi rakin. Öll starfs saga hans ber því vitni, að allt frá unga aldri og æ síðan naut hann mikils og óvenju-

legs trausts þeirra, er þekktu hann best. Ég held og, að ekki sé ofmælt, að stjórnálaandstæðingar hafi almennt virt hann og viðurkennt, þrátt fyrir allt sem á milli bar.

Allt frá æskuárum hafði Bjarni Benediktsson ríka hneigð til fræðimennsku og stjórnmalastarfa. Má vera, að framan af hafi þessir þættir nokkuð togast á um hann. En allan síðari hluta ævi hans sátu stjórnmalin í fyrirrúmi, og hans er er nú fyrst og fremst minnt sem stjórnmalamanns. Þó hygg ég, að fræðistörfin hafi jafnan átt í honum ríkan þátt. Og honum auðnaðist að inni af hendi fræðistörf, sem lengi halda gildi. Lagadeildin sýndi honum því verðskuld- aðan sóma, er hún sæmði hann doktorsnafabót. Hygg ég, að honum hafi þótt vænt um þann virðingavott.

Ég kynntist Bjarna Benediktssyni fyrst sem kennara í lögum. Ég var nemandi hans öll námsár mín í Háskólanum. Á ég um hann góðar minningar frá þeim árum. Hann var góður kennari, skýr, ákveðinn og þungur á bárunni. Það varð síðar hlutskipti mitt að fást sérstaklega við þau fræði, er hann kenndi, og hefi ég á ýmsan hátt stuðzt við þann grundvöll, er hann lagði.

Eftir að ég kom á Alþingi, og reyndar áður, átti ég við hann margvisleg samskipti á stjórnmalasviðinu. Þar vorum við á öndverðum meiði, og sá ég hann því auðvitað frá annarri hlið en samherjar, og er mín mynd af honum því eðlilega önnur en þeirra. Hann var sterkur pólitískur andstæðingur, skapheitur baráttumaður, slyngur málaþylgjumaður og gat verið harðskeyttur og þykkjupungur, ef því var að skipta. Hann var ágætur og rökfastur ræðumað-

ur, hafði frábært minni og gott vald á íslensku máli. Í mállutningi hans var oft mikill þungi og undiralda mikilla skapmuna. Hann var margreyndur maður og vitur, en bar eigi tilfinningar sínar á torg. Hann var alla tíð starfsmaður mikill. Hann var tvímælalaust fremstur sinna flokksmanna að minnum dómi.

Dr. Bjarni Benediktsson var umdeildur eims og aðrir stjórnmalaleiðtogar. Um slíka menn stendur oftast stormur og stýrr í lifandi lífi. Þeir njóta sjaldnast sannmælis fyrr en síðar, er sagan leggur dóm á verk þeirra, og er sá dómur þó enganveginn alltaf óskeikull. Það liggur í hlutarins eðli, að stjórnálaandstæðingar líta öðrum augum á ýmis stjórnmalastörf Bjarna Benediktssonar en skoðana-bræður hans. Þeir gagnrýna þau mörg, og verður þar sjálfsagt engin breyting á. En hvað sem öllum ágreiningi um stjórnmalastefnur og dægurmál liður, munu allir á einu máli um það, að Bjarni Benediktsson hafi verið mikilhæfur stjórnmalaföringi. Hann var einn þeirra manna, er settu hvað mestan svip á þjóðlífið síðustu árin og hafði úrslitaáhrif á framvindu margra mála. Að honum er mikill sjónar- sviptir. Alþingi verður svipminna án hans. Allir — jafnt stjórnálaandstæðingar sem samherjar — munu sakna þess að fá ekki frammar að sjá hann eða heyra í söluv. Alþingis.

Frú Sigríður Björnsdóttir, forsætisráðherrafrú var greind kona og myndarleg, og var af öllum, er til þekktu talin ágætiskona og bezta húsfreyja. Hún var manni sínum traustur lífsforunautur og stoð í

Framhald á bls. 8.

# Erlendir fulltrúar við útförina

OÓ—Reykjavík, miðvikudag.

Margir fulltrúar erlendra ríkja, sem verða við útför forsætisráðherra og dóttursonar þeirra, komu til landsins í dag.

Flestir þeirra komu með þotu FÍ, sem lenti á Keflavíkurflugvelli kl. 7 í kvöld. Meðal þeirra voru Per Borten, forsætisráðherra Noregs og frú, Sven-Eric Nilson,

settur forsætisráðherra Svíþjóðar og frú og Knud Thestrup, dómsmálaráðherra Danmerkur. Auk þeirra komu með vélinni ambassadorar og fulltrúar ríkisstjórna



Per Borten forsætisráðherra heilsar Jóhanni Hafstein forsætisráðherra og Birni Bjarnasyni við komuna til Keflavíkurflugvallar. (Tímamynd: OÓ).

nokkurra annarra landa. Í nótt milli kl. 4 og 5 eru fulltrúar Nixons Bandaríkjaforseta væntanlegir til landsins. Þeir eru Winton M. Blount, dómsmálaráðherra, Gale W. McGee, senator og Gordon Allott, senator. Þá verður Luther I. Reploge, ambassador, einnig fulltrúi Bandaríkjaforseta við útförina. Fulltrúi Færeyinga við útförina verður Kristján Djurhuus, lögmaður.

Þegar gestirnir stigu út úr þotunni, tóku Pétur Thorsteinsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu og sendiherrar og ræðis menn viðkomandi ríkja á móti þeim. Inni í flugstöðvarbyggingunni heilsuðu Jóhann Hafstein,

forsætisráðherra og Björn Bjarnason, sonur hinna látnu forsætisráðherra gestum. Þar voru einnig Anna Bjarnadóttir, dóttir forsætisráðherra og Geir Hallgrímsson, borgarstjóri, og fleiri. Eftir að gestum hafði verið heilsað, óku þeir til Reykjavíkur.

Auk þeirra sem að framan eru taldir, komu með Gullfaxa eftirtaldir fulltrúar erlendra ríkja: Hans Heinrich von Bittenfeld fyrr verandi ráðuneytisstjóri frá Þýskalandi, Pentti Soumela, ambassador Finnlands, A. J. Clasen, ambassador Luxemborgar, Leon A. Van den Berghe ambassador Framhald á bls. 14.



Sven-Eric Nilson, settur forsætisráðherra Svíþjóðar og frú.



Knud Thestrup, dómsmálaráðherra Danmerkur og Jóhann Hafstein forsætisráðherra.